

Yfirlýsing frá hópi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Skagafjarðar

Almennir stofnfjárhafar í Sparisjóði Skagafjarðar fóru margítrekað fram á það við Fjármálaeftirlitið að það hlutaðist til um að farið yrði að lögum í aðdraganda yfirtöku Sparisjóðs Mýrasýslu og tengdra aðila á Sparisjóði Skagafjarðar. Þá var margsinnis óskað eftir því að FME færi ofan í gjörninga manna er að yfirtökunni stóðu í ljósi alvarlegra og rökstuddra athugasemda um meint ólögmæti þeirra. Jafnframt var óskað eftir því við viðskiptaráðherra að hann beitti sér fyrir því að FME rannsakaði málið og svaraði erindum og fyrirspurnum sem til þess hafði verið beint. Fyrstu viðbrögð bárust hinsvegar ekki fyrr en 7 mánuðum eftir yfirtökuna í formi staðfestingar á samruna sparisjóðanna.

Enn er ósvarað fjölda fyrirspurna og alvarlegra athugasemda sem beint hefur verið til FME er varða lögmæti samrunaferlisins og meðferðar stofnfjárluta og lögmæti aðalfundar sjóðsins. Vitneskja um þá atburði sem verið hafa að gerast á undanförunum mánuðum og misserum og tengjast Sparisjóði Mýrasýslu knýja enn frekar á að málið í heild verði rannsakað.

Það kemur úr hörðustu átt að sú opinbera eftirlitsstofnun sem á að gæta þess að lögum sé framfylgt, vísi einstaklingum sem telja á sér brotið á dómstóla í stað þess að bregðast við og rannsaka þær ábendingar sem því berast. Í því ástandi sem myndast hefur á fjármálamarkaði eru almenningur og smærri fjárfestar nauðbeygðir til að leggja eigur sínar undir ef þeir vilja fá varið rétt sinn fyrir dómstólum og koma jafnvel að orðnum hlut þó þeir hafi sigur vegna þess tíma sem það tekur að fá fram niðurstöðu. Almennir stofnfjárhafar í Skagafirði kanna því allar mögulegar leiðir til að verja eigur sínar.

Yfirlýsing Fjármálaeftirlitsins um málið nú gerir ekki annað en staðfesta nauðsyn þess að farið verði ofan í vinnubrögð og aðgerðaleyzi þeirra stofnanna sem sinna eiga eftirlitshlutverki á fjármálamarkaði.

f.h. hóps almennra stofnfjáreigenda í Sparisjóði Skagafjarðar

15. ágúst 2008

Gunnar Rögnvaldsson
Sigurður Guðmundsson
Sverrir Magnússon
Gísli Árnason
Valgeir Bjarnason
Sigurður Þorsteinsson
Bjarni Jónsson
Agnar H. Gunnarsson
Hörður Jónsson
Gísli Rúnar Jónsson